

## Niðurstöður foreldrakönnunar fyrir árið 2020 – samantekt

### 1. Daglegt leikskólastarf

Ánægjulegt var að sjá svör við spurningum í þessum þætti, mikil ánægja er meðal foreldra með 6 af 7 matsþáttum og er Álfatún yfir landsmeðaltali í öllum þáttum. Það sem niðurstöður benda til að við mættum bæta okkur í er varðandi sérþarfir í mataræði.

### 2. Námsumhverfi

Foreldrar eru einnig ánægðir með námsumhverfi leikskólans. Töluvert fleiri eru ánægðari núna með aðstöðuna en í fyrri könnun, aukningin er um tæp 12%.

### 3. Samskipti við foreldra

Undir þessum þætti voru sex liðir. Álfatún virðist standa sig mjög vel í upplýsingamiðlun og er 13,6% yfir landsmeðaltali. Varðandi hvatningu á þátttöku í leikskólastarfinu þá erum við 15,2% yfir landsmeðaltali en COVID hefur vitanlega haft áhrif á þennan þátt hjá öllum leikskólum. Það sem við þurfum að bæta okkur í er heimasíðan og við erum meðvituð um það. Einnig fannst foreldrum þá vanta þekkingu á stefnu og námsskrá leikskólans og lækjum við þar um tæp 11% milli kannanna en það gæti skýrst af því að kynningarfundir í upphafi leikskólagöngu féllu niður vegna kórónuveirufaraldursins.

### 4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Ánægja með upphaf leikskólagöngu lækkaði mikið á milli kannanna en eins og varðandi fleiri þætti þá teljum við að COVID hafi spilað þar inn í þar sem hefðbundnir kynningarfundir þurftu að falla niður. Á tímabili þurftum við líka að taka á móti börnunum úti og foreldrar máttu í mesta lagi koma inn í fataherbergið og stoppa þar eins stutt og mögulegt var.

### 5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Fjöldi barna sem njóta sérkennslu er breytilegur frá ári til árs og það sást á niðurstöðum þessarar spurningar.

### 6. Opin svör

#### 6.1. Lýstu því sem þér þykir gott við leikskólann.

28 svöruðu þessari spurningu. 16 töluðu um starfsfólkið, 6 töluðu um góðan mat og 6 minntust á útiveru en Fossvogsdalur er mikið nýttur til gönguferða og útiveru.

#### 6.2. Lýstu því sem þér þykir að betur megi fara í leikskólanum

20 svöruðu þessari spurningu. 7 sögðu að það væri ekkert sem mætti betur fara. 6 minntust á upplýsingagjöf og áttu þá aðallega við um hvað barnið væri að gera á hverjum degi. Síðastliðið ár máttu foreldrar að mestu leyti einungis koma í fataherbergið og þurftu að stoppa þar eins stutt og mögulegt var og því voru samskipti við starfsfólk minni en vanalega. 2 nefndu heimasíðuna.

**6.3. Ef þú hugsar um daglegt starf í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?**

24 svöruðu. 6 sögðu allt vera í lagi. 6 minntust á ánægju með mikla útiveru.

**6.4. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi það hvernig leikskólinn sinnir sérþörfum barnsins í tengslum við mat?**

8 svöruðu. Flestum fannst tekið tillit til sérþarfa barnsins í tengslum við mat. 2 komu með þá ábendingu að það væri gott að í matseðli væru hráefni tilgreind, t.d. ofnæmisvaldar.

**6.5. Ef þú hugsar um námsumhverfið, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?**

13 svöruðu. 6 töluðu um umhverfið, Fossvogsdalinn og garðinn. 5 sögðu að barnið hafi allt sem það þarfnast.

**6.6. Ef þú hugsar um samskipti við leikskólann, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?**

17 svöruðu. Foreldrar höfðu greinilega skilning á því að COVID væri að hafa áhrif, minni tími væri til að staldra við og ræða málin.

**6.7. Ef þú hugsar um upphaf leikskóladvalar barnsins, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?**

8 svöruðu. Af þeim var meirihlutinn ánægður.

**6.8. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?**

1 svaraði. Viðkomandi lýsti yfir ánægju með góða þjónustu og hvað allir væru áhugasamir um að barnið fengi þá þjónustu sem það þarf á að halda.

**6.9. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérkennslu eða sérstaka stuðning sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?**

3 svöruðu. Allir sögðust vera ánægðir með þá þjónustu og stuðning sem barnið hafi fengið.

## **7. Aukakönnun**

Hér var spurt um ánægju með COVID viðbrögð og fékk Álfatún 97,7% svo það má segja að mikil ánægja hafi verið hjá foreldrum varðandi þann þátt.